



Greiðslufrestur aðflutningsgjalda við tollafgreiðslu

Skuldfærður tollur eða gjald á vöru, sem tollafgreidd er innan ákveðins uppgjörstímabils, kemur til innheimtu hjá tollstjóra á sama eindaganum. Innheimt með giróseðli nema áfengisgjald skráðra aðila.

1 - Almenn tollkrít – 2 mánaða uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **TA B** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi; **K** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S2**

2 mánaða uppgjörstímabil.

Eindagi er 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils

Ofangreint gildir um öll aðflutningsgjöld nema þau sérstöku tilvik sem greint er frá hér að neðan.

2 - Skráðir úrvinnslugjaldsaðilar hjá Ríkisskattstjóra í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **UI A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kódi: **U** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S7**

Þá gildir eftirfarandi um úrvinnslugjöld (B* gjöld):

2 mánaða uppgjörstímabil.

Eindagi er 28. annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

3 - Skráðir áfengisaðilar hjá sýslumönnum í TBR-Á kerfi

TBR gjaldflokkur: **AI A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kódi: **Q** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **SC**

Þá gildir eftirfarandi um áfengisgjöld (VX, VY og VZ gjöld) (Gildir einnig þegar skuldfært er á miðlara):

1 mánaðar uppgjörstímabil.

Eindagi er 2. virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

4 - Vörugjald af ökutækjum (þegar innflytjendur tollafgreiða) pappírstillskýrsla

TBR gjaldflokkur: **VF A** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kódi: **S** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S6** (ef miðlari)

Eftirfarandi gildir um M* vörugjöld af ökutækjum (Athuga þó að um tollmiðlara í EDI gilda sérreglur):

Ef tollafgreitt er með pappírsskýrslu þá er eindagi við nýskráningu ökutækis (eða eftir 1 ár frá tollafgreiðsludegi talið) (VFA gjaldflokkur í TBR)

Ef tollafgreitt er með EDI/VEF gildir liður 5 hér að neðan

5 - Vörugjald af ökutækjum SMT/EDI tollafgreiðsla – 1 mánaðar uppgjörstímabil

TBR gjaldflokkur: **VF B** Gjaldfærð gjöld í Tollakerfi, kódi: **T** Skuldfærslukódi í CUSTAR: **S1**

VFB gjaldflokkur gildir um vörugjald af ökutæki (M* gjöld) með fastnúmeri, sem skuldfært er í EDI/VEF-tollafgreiðslu.

Eindagi er 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.